

Snepill

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Ábyrgð: Arnar Þorsteinsson

Vefur um nám og störf

No. 4/2016
Nóvember

UPPLÝSINGA- OG RÁÐGJAFAVEFUR – til upprifjunar



Guðrún Birna Kjartansdóttir
Janúar 2012

SAENS | Stofnun um atvinnulíf og vinnuástand

Árin 2012-2014 voru fyrstu skrefin stigin við uppbyggingu á alhliða upplýsinga- og ráðgjafavef um nám og störf á Íslandi. Um var að ræða hluta IPA verkefnis sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf unnu að ásamt fjölmörgum hagsmunaaðilum.

Grunnur vefgáttarinnar, sem hlaut heitið [Næsta skref](#), átti að samanstanda af 500 almennum starfslýsingum auk lýsinga á sem flestum námsleiðum í íslensku menntakerfi. Auk þess var ætlunin að á vefnum yrði rafræn áhugakönnun og í boði væri vef- og símaráðgjöf.

Strax í lok október 2013 varð ljóst að fjármögnun Evrópusambandsins til verkefnisins yrði dregin til baka. Frekar en að hætta við verkefnið var því smíðaður gagnagrunnur utan um 320 náms- og starfslýsingar og vefsíðan [NæstaSkref.is](#) gerð aðgengileg í þeirri von að hægt yrði að hefja vinnu við hana á nýjan leik síðar.

NÆSTASKREF.IS – hvers vegna?

Því miður eru upplýsingar um nám og störf á Íslandi nokkuð brotackenndar og oft lítt aðgengilegar þó nútímasamfélag kalli á að hægt sé að nálgast slíkt fljótt og vel. Einnig þarfnast breytilegur vinnumarkaður aukinnar ráðgjafar um nám og störf þó tilfinnanlega vanti verkfæri á borð við alhliða upplýsinga- og ráðgjafavef. Slíkir vefir eru hins vegar víðast hvar í nágrenna-löndum okkar og gefast vel.

STAÐAN HAUSTIÐ 2016 – aftur á kreik

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ákvað að taka vinnu við vefinn upp að nýju nú í haust. Var fyrst ráðist í að lagfæra og uppfæra lýsingar á þeim 220 störfum og 100 námsleiðum sem tilbúna voru og birtar á vefnum en að því loknu hafist handa við skrif fleiri slíkra lýsinga og eru um 80 nýjar starfslýsingar nú í vinnslu auk lýsinga á fleiri námsleiðum. Vinna við [áhugakönnunina Bendil](#) fyrir vefinn er einnig hafin í umsjón Dr. Sifjar Einarsdóttur en styrkur fékkst úr Fræðslusjóði til þeirrar vinnu.

Unnið er að því að koma fyrrnefndum gagnagrunni um nám og störf í heppilegt vefumsjónarkerfi. Takist þar vel til virðist fátt því til fyrirstöðu að hægt sé að halda áfram þaðan sem frá var horfið og vefurinn geti orðið það sem honum var ætlað; nauðsynlegt verkfæri fyrir ráðgjafa í atvinnulífi og á öllum skólastigum auk þess að styðja við eflingu almennrar náms- og starfsfræðslu og upplýsinga- og ráðgjafar fyrir almenning.

